

fangelsið skuli vera varðhaldsfangelsi fyrir önnur lögsagnarumdæmi, en það, þar sem fangelsið er.

1871.
4. marz.

Sökum þess, að ekki verður búið við því fyrst um sinn, að komið verði upp fangelsum annarstaðar í suðurumdæminu, en í Reykjavík og Vestmannaeyjum, gat stjórnin ekki fallið á þá uppástungu, að fangelsið í Reykjavík skuli aðeins ætlað sjálfum kaupstaðnum og Gullbringu- og Kjósarsýslu, og var því breyting gjörð á þá leið, að fangelsið skuli einnig ætlað nokkrum hluta suðuramtsins.

Af þeirri sök, að það kann síðar meir að þykja hagfellt, að steypa dómsmálasjóðnum saman við landssjóðinn, fannst stjórninni það varlegast, að bæta við orðunum »fyrst um sinn«, þar sem svo er fyrir mælt í 4. og 7. gr., að greiða skuli kostnaðinn til þess að bygga hegningarhúsið í Reykjavík og halda því við, og launin handa fangaverðinum úr dómsmálasjóðnum.

Að endingu skal þess getið, að ástæða þótti vera til að taka það beinlínis fram, að bæjarfógetinn í Reykjavík skuli hafa á hendi stjórn yfir hegningarhúsinu og fangelsinu, sem er í sambandi við það, en stiptamtmaður yfirmsjónina, og amtmennirnir yfirmsjón yfir fangelsunum í hinum ömtunum, og að dómsmálastjórnin skuli setja nákvæmari reglur viðvíkjandi fyrirkomulagi og byggingu hegningarhússins og fangelsanna.

24. Tilskipun, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. janúarmán. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi. (á Íslenzku og Dönsku).

4. marz.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúá alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. janúarmán. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1871.

4. marz.

1. gr.

Komi upp skæður næmur sjúkdómur í fenu á Íslandi, og svo sérstaklega stendur á, að aðskilnaði þeim á fenu og lækningum, sem skipað er fyrir um í tilskipun 5. janúarmán. 1866, verður ekki komið við að notum, skal hlutaðeiganda amtmanni heimilt, til þess að sporna við frekari útbreiðslu sjúkdómsins, að láta skera niður fêð á því eða þeim heimilum, þar sem hans hefir vart orðið, þó skal amtmaður, þar sem prófaður dýralæknir er, hafa hann og annars hlutaðeiganda lögreglustjóra, alþingismann og tvo bændur, er hreppsbúar kjósa, í ráðum með sér, áður látið sé skera niður á þenna hátt.

2. grein.

Þegar niðurskurður á fram að fara samkvæmt því, sem nú var sagt, þá skal hreppstjóri og aðstoðarmenn þar, sem nefndir eru í tilskipun 5. janúarmán. 1866 2. grein, með umsjón hlutaðeiganda sýslumanns virða kindurnar, áður þeim sé slátrað. Þegar kindurnar eru virtar, skal fyrst setja á þær hverja um sig það verð, sem þær eru í eptir ásigkomulagi þeirra, þegar þær eru skornar, og eptir almennu gangverði á þeim stað og á þeim tíma árs, þó svo, að ekki sé haft tillit til sjúkdóms þess, sem er orsök í niðurskurðinum, og þar næst það verð, sem ætla má að kindurnar hafi, þegar búið er að slátra þeim. Tvo þriðjunga af mismuninum af þessum tveim virðingarverðum skal bæta eigendunum.

3. grein.

Af endurgjaldi því, sem fundið er á þenna hátt, skulu allir fjáreigendur í þeim hrepp, þar sem látið hefir verið skera niður, greiða helminginn, nemi hann eigi meiru, en 100 rd., en ella skal hann greiddur af öllum fjáreigendum í þeirri sýslu, sem í hlut á; í báðum tilfellum skal jafna honum niður og heimta hann saman samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 3. grein tilskipunar 5. janúarmán. 1866. Hinn helminginn skal greiða úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á, og skal borga hlutaðeigendum hann undir eins og búið er að heimta gjaldið til jafnaðarsjóðsins saman. Þó getur amtmaður, ef því verður við komið eptir ástandi jafnað-

arsjóðsins, borgað fyrirfram uppi þenna helming endurgjaldsins til þess að útvega nýjan fjárstofn, að svo miklu leyti sem það verður álitid tilmæilegt að útvega hann í stað fjár þess, sem skorið hefir verið niður.

4. grein.

Fyrir virðingangjörð þá, sem um er rætt í 2. grein, má amtmáður veita hreppstjórunum og aðstoðarmönnum þeirra hæfilega borgun samkvæmt 3. grein tilskipunar 5. janúarmán. 1866, samt skal þóknun sú goldin á sama hátt og sá hluti endurgjaldsins til fjáreigendanna, sem fyrsta málsgrein næstu greinar á undan ræðir um.

5. grein.

Virðist sérlega hætt við, að sjúkdómurinn dreifist út til annara héraða, má amtmáður leyfa, að settir sé verðir milli hinna heilbrigðu héraða og þeirra, þar sem sóttnæmið er, og, ef kringumstaðurnar mæla með því, greiða tillag úr jafnaðarsjóði amtsins til varðanna, en ekki má tillagið samt fara fram yfir helminginn af kostnaðinum til varðanna. Komi til að setja slíkan vörð til tryggingar fenu í öðrum ömtum en því, þar sem veikinnar hefir orðið vart, skulu amtmenn þeir, sem í hlut eiga, koma sér saman um, hvað gjöra skuli í því efni. Þegar vörður er settur á kostnað fleiri amta, þá skulu gjöldin til hans greidd á þann hátt, að hlutadeigandi jafnaðarsjóðir gjalda helminginn eptir tölu lausafjárhundraðanna í hverju amti, en hinn helminginn greiða fjáreigendurnir í þeim sýslum, sem einkum og beinlínis á að tryggja með verðinum, og skal þeim helmingnum jafnað niður á þá samkvæmt 3. grein í tilskipun 5. janúarmán. 1866.

6. grein.

Með yfirsjónir gegn þessari tilskipun skal farið eptir því, sem fyrir er mælt í 7. og 8. grein tilskipunar 5. janúarmán. 1866, og er hún að öðru leyti í fullu gildi eptir sem áður.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sér þegnlega að hegða.

1871.

4. marz.

Ástæður fyrir lagaboði þessu.¹

Frá alþingi 1867 kom bænarskrá² til stjórnarinnar, þar sem þingið fór þess á leit, að frumvarp, sem fylgdi bænarskránni til viðaukatilskipunar við tilskipunina 5. janúar 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, yrði gjört að lögum; frumvarp þetta fór sér í lagi fram á, að veita amtmönnunum heimild til í þeim tilfellum, þar sem ekki verður álitíð tryggjandi að hafa við aðskilnað þann og lækningar, sem mælt er fyrir um í tilskipuninni, að láta skera niður sjúkt og grunað fê, og setja verði milli amtanna til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu sykinnar. Stjórnin gat ekki að öllu leyti samþykkt frumvarp þetta, eins og það var úr garði gjört, þareð henni fannst, að amtmönnunum væri veitt of mikið vald í þessu efni, en varð að fallast á aðalstefnu þess, og lét semja nýtt frumvarp, sem lagt var fyrir alþingi 1869; alþing ræddi síðan málið á lögskipaðan hátt og lét uppi álit sitt um það; alþing áleit, að hér yrði að veita valdstjórninni sem frjálsastar hendur í þessu máli, til þess að lagaboðið gæti fullnægt tilgangi sínum, og stakk uppá ýmsum breytingum við einstakar greinir frumvarpsins, eins og hér skal nákvæmar skýrt frá.

Við 1. grein.

Alþingi fannst, að orðin »verður ekki komið við að neinum notum« væri of óákveðin, og skyldi setja í staðinn fyrir þau »komið við svo til hlítar sè«; ennfremur stakk alþing uppá, að orðinu »fyrst« í sömu málsgrein verði sleppt, og að síðasta málsgrein yrði orðuð á þessa leið: »þó skal amtmaður hafa hlutaðeiganda lögreglustjóra, alþingismann og tvo bændur, er hreppstjórar kjósa, svo og prófaðan dýralækni, þar sem hann er til, í ráðaneyti með sér, áður en fênu er lógað á þenna hátt«; af því aðeins einn prófaður dýralæknir væri á Íslandi, virtist alþingi sú ákvörðun frumvarpsins, að amtmaður skuli hafa prófaðan dýralækni, þar sem hann er, í ráðum með sér, harðla þýðingarlítill, en á hinn

¹) Tilðindi frá alþingi 1869, I., 27, 29, 264—279, 331 og 835; II., 43—48, 178—183, 199—202 og 401—406.

²) Tilðindi frá alþingi 1867, II., 549.

bóginn lagði alþing mikla áherzlu á, að amtmáður hefði við ráð
beztu manna, sem föng væri á, áður niðurskurður færi fram.

Stjórnin hafði ekki neitt ámóti því, að orðinu »fyrst« væri
sleppt, en að öðru leyti er greinin óbreytt.

Við 2. grein.

Alþingi áleit, að sú takmörkun á valdi amtmanns, sem þessi
grein hefir inni að halda, sè af þröng, og eigi miður við eptir
því, sem til hagar á Íslandi, því svo getur staðið á, að niður-
skurður sè óumflýjanlega nauðsynlegur á stærra svæði en á fimm
bæjum.

Þessa uppástungu alþingis hefir stjórnin tekið til greina, og
er greininni sleppt.

Við 3. grein.

Alþingi hefir ekki stungið uppá neinni breytingu á þessari
grein frumvarpsins.

Við 4. grein.

Af því að það gæti orðið óbærileg álaga, enda þótt 2. gr.
frumvarpsins sè haldið og eigi gjört ráð fyrir yfgrípsmeiri niður-
skurði, en á fimm bæjum, að jafna helmingnum af endurgjaldinu
á fjáreigendur í þeim hreppi, þar sem skorið er niður, þar sem
sumstaðar ekki eru nema 10—14 bær í hrepp, hefir alþing stungið
uppá, að 1. málsgrein þessarar greinar frumvarpsins sè breytt á
þessa leið: »Af endurgjaldi því, sem fundið er á þenna hátt, skulu
allir fjáreigendur í því anti, þar sem látið hefir verið skera niður,
greiða helminginn, nema hann nemi meiru, en 150 rd.; ella skal
jafna honum niður á alla fjáreigendur í landinu.« Alþing gat
þess í álitsskjali sínu, að eptir skoðun landsmanna eigi endur-
gjaldsskyldan að ná til allra, þegar um það er að ræða, að af-
stýra þeirri eyðileggingu, sem fjárkláði og önnur næm fjárveikindi
hafa í för með sér; samt virtist það vera of umfangsmikið og
jafnvel óþarft, að binda endurgjaldsskylduna við stærra svæði en
amt, þegar helmingur endurgjaldsins er 150 rd. eða minna.

Konungsfulltrúi var í álitsskjali sínu samdóma alþingi í því,
að endurgjaldsskyldan gæti orðið of þungbær fyrir einstakan hrepp,

1871.

4. marz.

1871.

4. marz.

og stakk hann uppá, að jafna skyldi niður helmingnum af endurgjaldinu á alla fjáreigendur í hlutaðeigandi sýslu, ef hann væri yfir 50 rd.; en ella skyldi hreppurinn greiða endurgjaldið. Stjórnin féllst á þessa uppástungu konungsfulltrúa þannig, að fjáreigendur í hreppnum skuli greiða helming endurgjaldsins, nemi hann eigi meiru, en 100 rd.

Við 5. grein.

Alþingi stakk uppá, að seinni hluti greinarinnar frá orðunum »og skal þóknun sú,« o. s. frv. falli burtu, þarð hann sè óþarfur, og eigi heldur ekki við eftir breytingunni á 4. gr.

Þessi uppástunga er ekki tekin til greina, en sú breyting gjörð, að orðið »samt« er sett í staðinn fyrir »og«.

Við 6. grein.

Alþingi fannst, að vald amtmanna til að setja verði væri takmarkað með þessari grein, sem aðeins veitir þeim heimild til þess í vissum tilfellum, þarð næst liggur að skilja greinina á þá leið, að þessi heimild sè bundin við uppástungu frá einstökum mönnum; alþingi áleit það einkar áriðandi, að amtmaður hefði ótakmarkað vald til þess að fyrirskipa almenna verði, og stakk því uppá nokkrum breytingum við þessa grein; sem af taka allan efa um, að amtmönnum sè heimilt að fyrirskipa verði, þegar nauðsyn krefur. Svo virtist og alþingi sú ákvörðun síður hagfelld, að helmingur varðkostnaðarins skuli greiddur af fjáreigendum í þeim hluta landsins, sem ætlazt er til að tryggja með verðinum, því bæði getur ágreiningur orðið um, hversu stórt svæði vörðurinn beinlínis tryggir í hvert skipti, enda má segja, að almennir verðir sè í raun og veru öllum landsbúum til tryggingar; þessvegna stakk alþingi uppá, að allur kostnaður við verðina verði greiddur úr jafnaðarsjóðum amtanna á þann hátt, sem frumvarpið ákveður, (eftir tölu lansaðráðgjafanna í hverju amti). Af þeim ástæðum, sem getið er, stakk alþingi uppá, að greinin verði orðuð á þessa leið:

»Virðist sérlega hætt við, að sjúkdómurinn dreifist út til annara héraða, skal amtmaður fyrirskipa vörð milli þeirra heil-

1871.

4. marz.

brigðu héraða og þeirra, þar sem sótt næmið er, og greiða kostnaðinn til hans úr jafnaðarsjóði amtsins. Þurfi að setja slíka verði til tryggingar fenu í öðrum ömtum en því, þar sem veikinnar hefir vart orðið, skulu amtmenn þeir, sem í hlut eiga, koma sèr saman um, hvar og hvernig verðirnir skuli settir. Þegar verðir eru settir á kostnað fleiri amta, þá skulu gjöldin til þeirra greidd af hlutaðeigandi jafnaðarsjóðum, eptir tölu lausafjrhundraðanna í hverju amti.»

Konungsfulltrúi var í álitsskjali sínu mótfallinn því, að svo mikið vald væri veitt amtmönnum í þessu efni, og þingið hafði farið fram á; en til þess að enginn efi sè á því, að amtmaður geti uppá sitt eindæmi, án þess að biða eptir uppástungum annara, sett verði, hefir hann samt stungið uppá, að greininni sè breytt á þessa leið: »skal amtmanni heimilt að samþykka eða fyrirskipa«. Stjórnin gat ekki fallizt á breytingar þær, sem alþing hafði stungið uppá, og að því leyti, er snertir fyr nefnda uppástungu konungsfulltrúa, skal þess getið, að einmitt sökum þess, að stjórnin yfir höfuð að tala hefir ávallt álitid ráðstöfun þá, sem hær er um að ræða, miður hagfellda og mjög kostnaðarsama, þá hefir hún byggt á því, að amtmennirnir ætti aldrei að setja verði uppá sitt eindæmi, og til þess að enginn efi sè um það, er greininni breytt nokkuð. Þar sem orðin í síðustu málsgrein: »fjáreigendurnir í þeim hluta landsins« þóttu nókkuð óákveðin, er þeim, eins og konungsfulltrúi hafði stungið uppá, breytt á þessa leið: »fjáreigendurnir í þeim sýslum, sem einkum og beinlínis á að tryggja með verðinum.«

Við 7. grein.

Alþing hefir ekki stungið uppá neinum breytingum á þessari grein.

Dómsmálastjórnin bar síðan frumvarpið undir konung, og lagði til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að frumvarpið yrði gjört að lögum fyrir Ísland með þeim breytingum, sem getið er um að framan.